



## Fundargerð

Fundur í umhverfis- og náttúruverndarnefnd Reykhólahrepps  
Þriðjudaginn 24. apríl 2012, kl. 15 :00.

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir og Gústaf Jökull Ólafsson. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Á fundinn mættu einnig Þuríður Stefánsdóttir og Sólveig S. Magnúsdóttir frá Barmahlíð, Júlía V. Guðjónsdóttir og Dagný Stefánsdóttir frá Reykhólaskóla, Björg Karlsdóttir frá Hólabæ og Dís Sverrisdóttir frá Grettislaug.

Fundargerð rituð á tölvu og er ein blaðsíða.

Formaður bauð fólk velkomið.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

#### 1. Flokkun sorps í stofnunum sveitarfélagsins.

*Forstöðumönnum og starfsfólki stofnananna voru kynnt áform um flokkun sorps þann 1. júní nk. Farið var yfir lausnir sem gætu hentað stofnununum.*

*Gestir fundarins yfirgáfu fundinn kl. 15.35.*

#### 2. Íbúafundur vegna flokkunar sorps.

*Íbúafundur er ráðgerður 3. maí nk. Þá koma fulltrúar frá Gámaþjónustu Vesturlands og kynna íbúum flokkun og lausnir tengdar henni.*

#### 3. Umhverfisdagurinn 2012.

*Ákveðið að umhverfisdagurinn verði haldinn 5. maí nk.*

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 16:10**

---

---

---